

Truenorth ehf.
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Vestmannaeyjum 15. mars 2019
UST201903-097/P.V.B.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku og drónaflugs - Geysissvæði

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn True North, dagsett 11. mars, um leyfi til kvikmyndatöku og drónaflugs innan Geysissvæðisins.

Geysir er á náttúruminjaskrá og í umsjón Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Tökur fara að mestu fram við Strokk en einnig um allt svæðið. Til stendur að mynda Strokk með dróna þegar hann gýs. Flugsvæði drónans verður yfir Strokk í 60-80 metra hæð en mögulega verður einnig allt svæðið myndað út frá honum. Ráðgert er að dróninn taki á loft og lendi á svæði rétt við stíg suðaustan við Strokk sbr. skýringarmynd sem fylgdi umsókn. Tökur fara fram að morgni til 18. mars ef veður leyfir og koma 7 manns að tökunum. Til vara er ráðgert að tökur fari fram 19. mars. Ráðgert er að hefja tökur um kl. 6 að morgni og þeim verði lokið áður en mesti ferðamannastraumurinn byrjar á svæðinu. Ef fólk verður á svæðinu þegar tökur eru í gangi verður fólk beðið að hinkra í nokkrar mínútur.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur, miðað við ofangreinda verkefnalýsingu, að framkvæmdin sé ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins eða valda röskun. Framkvæmdin er þó líklegt til að hafa neikvæð áhrif á upplifun gesta á svæðinu en áhrifin eru tímabundin.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi á Geysissvæðinu sbr. lýsingu hér að ofan þann 18. mars, til vara 19. mars, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breytingar verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Á þeim stað þar sem farið verður út fyrir göngustíga skv. verkefnalýsingu þar sem dróni tekur á loft og lendir skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustígs að verkefni loknu.
- Óheimilt er að fara yfir bönd sem afmarka lokuð svæði og skal virða umgengnisreglur sem gilda um svæðið.

- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Óheimilt er að keyra vélknúnum farartækjum innan svæðisins.
- Af öryggisástæðum er óheimilt að fljúga ómönnuðu loftfari lægra en í 50 m hæð yfir Strokki.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfara í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfsrækslu fjarstýrðra loftfara.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Hildur Vésteinsdóttir
Sviðsstjóri



Valdimar Kristjánsson
Sérfræðingur